



Reykjavík, 22. janúar 2025

MSS24100077

UMSÖGN VIÐ TILLÖGU

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Á fundi borgarstjórnar, dags. 15. október 2024, var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að farið verði í neyðaraðgerðir, í samráði við Vegagerðina, til að bæta umferðaröryggi á gatnamótum Sæbrautar og Kleppsmýrarvegjar. Í fyrsta lagi er lagt til að sérstakri snjallgangbraut verði komið fyrir á gatnamótunum. Snjallgangbrautir virka þannig að þær skynja þegar gangandi vegfarendur nálgast gangbrautina. Þá kviknar LED göngulýsing sem lýsir upp gangbrautina og vegfarendur á meðan gengið er yfir götuna. Í annan stað er lagt til að gatnamót þessi verði snjallvædd með nýjustu tækni í snjallljósastýringum, en umferðarljósinn á gatnamótum Kleppsmýrarvegjar og Sæbrautar sýna svo ekki verður um villst, að þeim er stýrt með klukku þar sem græna ljósið varir aðeins í 15 sekúndur þegar gengið er yfir götuna og er þar af leiðandi ekki snjallvætt. Snjallljós skynja umferð akandi, gangandi og hjólandi, besta umferðarflæðið og auka til muna öryggi allra vegfarenda.

Tillögunni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar, dagsetning 11. desember 2024

Umsögn:

Gatnamót Sæbrautar og Kleppsmýrarvegjar verða endurgerð samhliða gerð stokks á Sæbraut. Undirbúningur framkvæmdarinnar er í gangi og framkvæmdir eiga að hefjast árið 2027 skv. uppfærðum samgöngusáttmála. Þrátt fyrir það unnu Reykjavík og Vegagerðin saman að bráðabirgðabreytingum á gatnamótunum vegna breyttrar samsetningar umferðar á þeim, sem tengist uppbyggingu íbúahúsnæðis í Vogabyggð. Götulýsing á svæðinu hefur verið bætt en frekari umbætur eru í skoðun, og verður bætt ef ástæða er talin til í framkvæmdarglugga ársins.

Farið var í tilraunaverkefni með uppsetningu á því sem kallað hefur verið snjallgangbrautir á síðustu árum. Þessi búnaður eru töluvert dýrari en hefðbundnar lausnir, en engu að síður hefur árangurinn verið misjafn. Einhver búnaður hefur t.a.m. ekki þolað nógu vel íslenska veðráttu og nagladekk. Það hefur því verið mat sérfræðinga í umferðaröryggi að skynsamlegra sé að verja fjármunum í hefðbundnar



Reykjavík



lausnir á fleiri stöðum, það er að bæta sérstakri götulýsingu við gönguþveranir (eftir atvikum gangbrautir) sem og að draga úr hraða bílaumferðar með hefðbundnari leiðum. Snjallgangbrautir hafa umfram það meira erindi utan umferðarljósastýrðra gatnamóta, þar sem annar búnaður er á ljósastýrðum gatnamótum sem gefur til kynna hver eigi forgang hverju sinni. Sá búnaður er vitaskuld ekki að finna á stöðum þar sem umferð er ekki stýrt með umferðarljósum.

Umferðarljósum á gatnamótum Sæbrautar, Kleppsmýrarvegur og Skeiðarvogur er stýrt af eldri gerð stýrikassa sem framleiðandi stefnir á að hætta þjónustu við í lok árs 2027. Það er því ljóst að endurnýja verður stýrikassann á komandi árum.

Ólíkir framleiðendur bjóða upp á ólíkar tæknilausnir og mun skrifstofa samgangna og borgarhönnunar, í samráði við Vegagerðina, leita tilboða varðandi uppfærslu umferðarljósabúnaðarins, með það að markmiði að nýta tækninýjungar til að auka umferðaröryggi og skilvirkni gatnamótanna. Nýting á slíkum tæknilausnum kallar á endurnýjun umferðarljósabúnaðar á nærliggjandi umferðarljósum, sem í tilfalli þessara gatnamóta mun taka nokkur ár.

Líkt og fram kemur í úttekt Sweco á umferðarljósakerfinu á höfuðborgarsvæðinu, þarf að hafa í huga að rauntímastýring krefst almennt aukins tæknilegs viðhalds en hefðbundin ljósastýringarkerfi. Ef aðföng eru af skornum skammti, getur kerfið virkað verr en hefðbundin ljósastýring. Sem dæmi taldi Gautaborg skilvirkara að láta gatnamót starfa óháð hvorum öðrum með því að nota sveigjanlega fasa og græntímaframlengingu. Þetta hefur oft þann kost að lotulengd er almennt styttri en ella, sem dregur úr biðtíma vegfarenda en á móti er þá sem dæmi ekki möguleiki á grænni bylgju.

Virðingarfyllt,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
deildarstjóri samgangna



Reykjavík